

Umsögn um mál 82, 150. löggjafarþing, þingskjal 82 –
aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá

Reykjavík, 19. desember 2019,

Alda tekur tekur efnislega heilshugar undir mál þetta. Félagið telur þetta frumvarp mikilvægt, enda er nauðsynlegt að meira gagnsæi sé um fjárhagsstöðu fyrirtækja, eignarhald þeirra, sem og fjármögnun og eignatengsl milli fyrirtækja, bæði á Íslandi og erlendis, og gildir þetta þvert á fyrirtækjaform.¹ Upplýsingar sem þessar er vanalega að finna í ársreikningum félaga og fyrirtækja, en sem stendur þarf að greiða fyrir aðgang að ársreikningunum á Íslandi sem veldur því að aðilar sem vilja fá aðgang, svo sem vegna starfa sinna, þurfa að bíða gagna og greiða fyrir aðgengið, nokkuð sem ætti að vera óþarft þar sem gögnin eru öll til á rafrænu formi. Sama gildir um aðila sem kunna að vilja kanna hversu traustur tiltekinn viðskiptaaðili er í raun og veru.

Rök fyrir opinni ársreikningaskrá

Við fyrstu sýn kann að virðast óþarft að veita gjaldfrjálsan aðgang að ársreikningaskránni, því þeir aðilar sem nota skrána ættu allajafna að geta greitt fyrir aðgengið. Við nánari skoðun hins vegar er ljóst að málið er flóknara en svo, og að fleiri sjónarmið ættu að hafa áhrif á um hvort greiða eigi fyrir aðgang að skránni.

Í fyrsta lagi eru ætti almenningur að hafa sem vísastar upplýsingar um þá aðila sem hann skiptir við, hvort sem eru einkahlutafélög, hlutafélög, samvinnufélög, samlagsfélög eða önnur félög. Raunin er sú að í daglegu lífi eiga einstaklingar í viðskiptum við fjöldann allan af fyrirtækjum, sem þeir geta litlar upplýsingar fundið um hvað varðar eignarhald og fjárhag. Oft skiptir þetta ekki miklu máli, en stundum getur þetta skipt verulegu máli og varðað við fjárhag fólks: Almennigur á t.d. að geta þekkt stöðu þeirra sem þeir versla við, til að geta metið áhættuna af viðskiptum við þá, svo sem eins og þegar kemur að viðhaldi fasteigna og viðskiptum við verktaka (margir þeirra starfa innan skráðra hlutafélaga). Full ástæða er til að gera fólki betur kleift að meta stöðu þeirra sem þeir versla við, en sem stendur er sú krafa Fyrirtækjaskrár Ríkisskattstjóra um greiðslu hindrun sem gerir einstaklingum erfiðar fyrir með að kanna bakgrunn og stöðu þeirra sem þeir eiga í viðskiptum við, og sú hindrun er bæði í formi tíma og peninga. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um það þegar fyrirtæki eiga í viðskiptum við önnur fyrirtæki.

¹ Hér er átt við ólík form félaga, eins og einkahlutafélög, hlutafélög, samvinnufélög, samlagsfélög, og svo frv.

Í öðru lagi er krafan um greiðslu hindrun fyrir blaðamenn og aðra sem kunna að vilja grennslast fyrir um ýmis álitamál í samfélaginu. Að kanna eignatengsl, fjárhagssögu fyrirtækja og félaga, upplýsingar um samruna, og þess háttar, getur kallað á að skoða fjölda ársreikninga, en þegar fjöldi ársreikninga er orðinn allnokkur, þá vex kostnaðurinn líka hratt fyrir þessa aðila. Einnig fylgir því töf að þurfa að biðja um að fá reikningana senda, enda fylgir því vinna við að senda beiðni um ársreikninga og greiða fyrir þá, sem getur tekið nokkra daga í hvert skipti að ljúka.

Í stuttu máli er full ástæða til að opna fyrir beint, endurgjaldslaust aðgengi að ársreikningaskránni, enda liggja þar að baki rök sem varða almannahag og skilvirkni hagkerfisins.

Rök gegn opinni ársreikningaskrá hrakin

Við skoðun á innsendum erindum vegna sambærilegs frumvarps frá fyrra löggjafarþingi (mál nr. 12/148), kemur í ljós að ekki eru allir sammála því að falla frá gjaldtökunni, einkum á þeim forsendum að þá myndi starfsemi þeirra sem endurselja upplýsingar úr ársreikningaskrá breytast, en einnig að réttast sé að þeir sem noti upplýsingarnar úr ársreikningaskrá greiði fyrir þær.

Félagið bendir á í þessu sambandi að jafnvel þótt starfsemi endursöluaðila raskist, þá sé það þeirra að bregðast við því og breyta sínum rekstri í samræmi við breyttan heim. Raunin er sú að upplýsingar geta flætt víðar í samtímanum, með minni fyrirhöfn en áður var, og það er téðra fyrirtækja að bregðast við því.

Í þessu sambandi vill félagið einnig benda á að það er virðisauki sem slíkur að upplýsingarnar úr ársreikningaskránni séu opnar sem flestum, því slíkt auðveldar viðskipti, ákvarðanatöku og ýtir undir að fólk geti kannað hvort mögulegur viðskiptaaðili sé traustur, sbr. það sem nefnt var að ofan. Slíkt er jákvætt út af fyrir sig, sparar vinnu og dregur úr áhættu þeirra sem verða að eiga viðskipti við aðra, en einnig getur slíkt dregið úr mögulegu tjóni. Þessi ábati fæst ekki þegar ársreikningaskráin er eingöngu opin gegn gjaldi, því gjalddtakan gerir matið erfiðara.

Önnur rök sem gjarnan koma fyrir í fyrri umsögnum er að Ríkisskattstjóri myndi verða af tekjum, yrði frumvarpið að lögum, og er jafnvel ýjað að því að hér sé um verulegar fjárhæðir að ræða. Í umsögn Ríkisskattstjóra frá 28. febrúar 2018, er samtala upp á 172 milljónir ISK vegna tekna af hlutafélagaskrá, ársreikningaskrá og fyrirtækjaskrá árið 2017, en talan 43,6 milljón ISK fyrir ársreikningaskrá eina og sér árið 2017. Þessi fjárhæð er óverulegur hluti fjárlaga, enda var gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkisins það ár yrði um 757.085 milljónir ISK.² 172 milljónir ISK er um 0,022% af heildarútgjöldunum, og 43,6 milljónir er um 0,005% af heildarútgjöldunum. Hér er því tæplega um verulegar fjárhæðir að ræða fyrir ríkissjóð og réttast að ríkissjóður sjái til þess að Ríkisskattstjóri fái af fjárlögum þær upphæðir sem stofnunin yrði af, yrði frumvarpið samþykkt. Í þessu sambandi er rétt að minna á ábatann af gagnsæinu sem rætt hefur verið um að ofan – sá ábati myndi birtast annarsstaðar í hagkerfinu.

2 Sjá lagafrumvarp nr. 1/146.

Erlend fordæmi

Félagið minnir á að skrár fyrirtækjaskrár Bretlands, sem reknar eru af Companies House þar í landi, eru opnar án endurgjalds, og geta allir flett upp í þeim, en þar er um að ræða bæði upplýsingar um skráningar fyrirtækja og ársreikninga. Sama á einnig við um eldri ársreikninga, jafnvel áratugi aftur í tímann. Skráin hefur nú verið opin í rúman hálfan áratug. Skráin er opin hér: <https://beta.companieshouse.gov.uk/>

Í Danmörku er bæði fyrirtækjaskráin og ársreikningaskráin opin öllum í gegnum vefinn. Nálga má skrána hér: <https://datacvr.virk.dk/data/?language=en-gb>

Full ástæða er til að huga að þessum fordæmum, enda hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Önnur fyrirtækjaform

Rétt er að leggja áherslu á að Alda vill hvetja til þess að ársreikningar allra félaga sem þurfa að skila inn ársreikningum séu opnir, ekki eingöngu hlutafélaga. Rétt er að þessi gögn liggi fyrir um sem flest félög sem starfa á Íslandi og hafa starfað í gegnum tíðina. Þurfi að breyta öðrum lögum en þetta frumvarp nær til svo það sé hægt, þá ætti slíkt að vera sjálfsagt.

Eins og ávallt er félagið reiðubúið til að senda fulltrúa sína til að ræða við Alþingi og nefndir þess um umsagnir sínar.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður



Alþýðusamband Íslands

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. febrúar 2020
Tilvísun: 202002-0002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að þær upplýsingar sem vistaðar eru í ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá og í dag eru aðgengilegar gegn gjaldi verði opnar almenningi með rafrænum hætti án gjaldtöku. Alþýðusambandið telur mikilvægt að einstaklingar og fyrirtæki hafi hindrunarlausan aðgang að þeim upplýsingum sem þessar skrár hafa að geyma og tekur undir þau sjónarmið sem að baki frumvarpinu liggja.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Nefndarsvið Alþingis
bt. Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2020

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:


Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá) 82. mál

(Lagt fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019–2020)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Blaðamannafélag Íslands styður eindregið aukið aðgengi að upplýsingum um efnahags- og atvinnulíf og telur það tvímælalaust til þess fallið að auka gagnsæi og aðhald í íslensku samfélagi. Sjálfsagt er að upplýsingar af þessu tagi séu aðgengilegar sem víðast fyrir almenning og fjölmiðla án mögulegra aðgangshindrana eins og gjalddöku.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður

Félag fréttamanna á RÚV

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2020

Efni: Umsögn Félags fréttamanna um 82. mál: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög

Félag fréttamanna styður frumvarpið eindregið. Gjaldfrjáls aðgangur að ársreikningum og öðrum opinberum upplýsingum um íslensk fyrirtæki myndi gagnast bæði fjölmiðlum og öllum almenningi og styrkja gagnsæi og trúverðugleika í íslensku viðskiptalífi. Greiður aðgangur að upplýsingum úr viðskiptalífinu er líka mikilvægur þáttur í vörnum gegn peningabætti.

Opinn aðgangur gæfi almenningi og blaða- og fréttamönnum stórauðna möguleika á að rannsaka og fjalla um spillingu í samfélaginu og draga fram ýmis mikilvæg atriði í rekstri fyrirtækja. Jafnframt væri loksins mögulegt að vinna umfangsmiklar greiningar á rekstrarafkomu, arðgreiðslum og eignarhaldi í einstökum atvinnugreinum eða viðskiptablokkum. Gjaldfrjáls aðgangur myndi líka auka traust almennings á þeim stofnunum sem sýsla með opinberar upplýsingar, enda fengju fleiri möguleika á að rýna upplýsingarnar.

Ársreikningar eru mikilvæg rannsóknargögn fyrir fréttamenn. Í þeim koma ekki aðeins fram upplýsingar um rekstrarafkomu fyrirtækja, heldur líka um eignarhald þeirra, arðgreiðslur til hluthafa, hlutabréfa- og fasteignaeign fyrirtækjanna og verðmæti eigna.

Blaða- og fréttamenn gætu þurft að kaupa fjölmarga ársreikninga á stuttum tíma. Þetta á sérstaklega við í rannsóknarblaðamennsku, þegar fjalla á um tiltekna viðskiptablokkir eða umsvif tiltekinn manna. Ársreikningakaup, ásamt kaupum á upplýsingum úr hlutafélagaskrá, geta því fljótt náð háum fjárhæðum. Fréttastofur og ritstjórnir íslenskra fjölmiðla hafa því miður afar takmarkað fjármagn til slíkra kaupa.

Í Danmörku og Bretlandi er aðgangur að slíkum upplýsingum nú þegar gjaldfrjáls. Sömuleiðis í Lúxemborg, ríki sem oft hefur verið gagnrýnt fyrir leynd. Nú eru mikilvægar upplýsingar um fyrirtæki aðgengilegri í Lúxemborg en á Íslandi. Aðgangur að dönsku, bresku og lúxemborgsku fyrirtækjaskránum hefur nýst íslenskum blaðamönnum, og er afleitt að þeir hafi ekki sama aðgang að íslenskum upplýsingum.

Félag fréttamanna fagnar því frumvarpinu og telur ríka almannahagsmuni vera fyrir því að það verði samþykkt. Þannig hefðu fjölmiðlar aukin tækifæri á að koma á framfæri upplýsingum um fjársterka aðila í samfélaginu og innbyrðis tengsl þeirra, og veita þeim aðhald. Nauðsyn þess varð öllum augljós eftir efnahagshrunið.

Óhjákvæmilegt er að benda á að í núverandi formi næði frumvarpið aðeins til hluta þeirra upplýsinga sem nauðsynlegt er að verði gerðar gjaldfrjálsar, eins og er útlistað í erindi sem

Ríkisskattstjóri sendi þingnefnd þegar málið var fyrst flutt, á 148. löggjafarþingi (<https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-422.pdf>). Þar segir: „Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á lögum um einkahlutafélög. Verður að telja eðlilegt, ef ætlunin er að veita gjaldfrjálsan aðgang, að setja einnig inn ákvæði um gjaldfrjálsa rafræna uppflettingu á upplýsingum um þau. [...] Sama á við um: Lög um samvinnufélög nr. 22/1991, lög um sameignarfélög nr. 50/2007, lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, IV. kafli.“

Félag fréttamanna telur brýnt að þingmenn kynni sér athugasemdir Ríkisskattstjóra og útvíkki gildissvið frumvarpsins áður en það verður samþykkt, líkt og Ríkisskattstjóri leggur til.

Einnig er afar mikilvægt að skýrt verði kveðið á um að aðgangur að þessum opinberu skrár nái til frumgagna (sjálfra rafrænu skjalanna), en ekki aðeins til þeirra takmörkuðu upplýsinga sem skráðar hafa verið upp úr skjölunum í gagnagrunna fyrirtækjaskrár.

Jafnframt er nauðsynlegt að aðgangurinn verði án sérstakra takmarkana og að hægt verði að óska eftir gagnasöfnum fyrirtækjaskrár í heild, sbr. markmið [laga um endurnot opinberra upplýsinga](#) sem tóku gildi 2018. Slíkt er nauðsynlegt til að hægt sé að vinna ítarlegar greiningar út frá upplýsingunum.

Félag fréttamanna lýsir sig reiðubúið til að senda fulltrúa sína á fund með þingnefndinni til að kynna sjónarmið félagsins frekar.

Fréttastofa Ríkisútvarpsins fagnar fram komnu frumvarpi um breytingar á lögum nr. 3/2006. Í opnu og lýðræðislegu samfélagi skipta öflugir og fjölbreyttir fjölmiðlar gríðarlega miklu máli. Þeir veita aðhald - ekki einungis stjórnvöldum heldur einnig atvinnulífi og fjárfestum. Það er fjölmiðlum mikilvægt að hafa aðgang að upplýsingum um eigendur fyrirtækja og eignarhaldsfélaga sem og aðgang að ársreikningum þessara sömu félaga. Staða fjölmiðla hefur veikst verulega undanfarin misseri og geta þeirra til að borga háar fjárhæðir fyrir aðgang að ársreikningum hefur minnkað verulega. Þar með hefur geta fjölmiðla til að rækja hlutverk sitt við að veita atvinnulífinu og fjárfestum aðhald minnkað mjög. Dæmi eru um hjá fréttastofu RÚV þar sem uppflettingar í ársreikningum í tengslum við eina umfjöllun hlaupi á hundruðum þúsunda. Sá kostnaður getur því haft bein áhrif á getu fréttamiðla til að sinna hlutverki sínu. Markmið þessa frumvarps eru að auka aðgang að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá. Þau markmið myndu nýtast fjölmiðlum mjög vel og samfélaginu öllu í því aukna aðhaldi sem þannig væri hægt að veita og stuðla vonandi í leiðinni að auknu heilbrigði atvinnulífs. Þetta markmið fellur auk þess vel að þeim ríka vilja stjórnvalda til að bæta hag fjölmiðla og mætti jafnframt skoða í því ljósi.

Virðingarfyllt,

Heiðar Örn Sigurfinnsson

Varafréttastjóri RÚV



Nefndasvið Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Reykjavík, 25.02.2020

Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá)

Þingskjal 82 — 82. mál á 150. löggjafarþingi 2019–2020

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis dags. 4. febrúar 2020 þar sem óskað er eftir umsögn Gagnsæis um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál.

Gagnsæi - samtök gegn spillingu fagna frumvarpinu og telja það fela í sér mikilvæga útvíkkun á aðgangi almennings að upplýsingum. Líkt og nefnt er í greinargerð með frumvarpinu þá hefur Alþingi nú þegar sett lög sem veita almenningi aðgang að öllum upplýsingum í fyrirtækjaskrá. Upplýsingar í ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá ættu hæglega að geta lotið sama lögmáli. Ríkisskattstjóri starfrækir lögum samkvæmt allar þessar skrár og birting upplýsinga úr þeim er nú þegar að nokkru leyti samþætt á vefsíðu embættisins. Þannig birtist til að mynda yfirlit yfir gögn úr ársreikningaskrá þegar fyrirtæki er flett upp í fyrirtækjaskrá þó gögnin sjálf séu ekki aðgengileg nema beðið sé um þau sérstaklega.

Væntanlega mun einhver kostnaður falla til við uppfærslur á upplýsingakerfum og verklagi og jafnframt er fyrirséð er að tekjutap verði af því að hætt verði að rukka fyrir afgreiðslu á upplýsingum úr þessum skráum. Til þess ber hins vegar að líta að ávinningurinn til lengri tíma sem felst í þeim vinnusparnaði að ekki þurfi að afgreiða beiðnir úr þessum skráum handvirkt, heldur geti hver og einn nálgast þær með sjálfvirkum hætti á vefnum, getur hæglega vegið upp á móti þeim kostnaði.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Gagnsæis – samtaka gegn spillingu



Halldór Auðar Svansson,
Valgerður Bjarnadóttir, formaður
Geir Guðmundsson,
Kirstín Flygenring,
Edda Kristjánsdóttir,
Guðrún Johnsen

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



29. janúar 2020

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 82. mál á 150. löggjafarþingi

Ársreikningar og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá)

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt auknu aðgengi að opinberum upplýsingum.

Aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá er mikilvægur þáttur réttarríkisins því þar má finna ýmsar upplýsingar sem geta haft mikilvæga þýðingu fyrir ýmsa aðila. Í tengslum við þau málefnasvið sem Hagsmunasamtök heimilanna láta sig varða hefur þetta sérstaklega þýðingu varðandi endanlega eigendur og rekjanleika, svo sem þegar um er að ræða kröfuhafa eða innheimtuaðila.

Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi getur verið kostnaðarsamt að afla upplýsinga úr hinum ýmsu gagnasöfnum sem eru fyrir hendi um ýmisleg málefni, þar á meðal úr skráum um fyrirtæki. Með því að nýta upplýsingatækni skynsamlega ætti þó ekkert að vera því til fyrirstöðu að gera upplýsingar af þessu tagi greiðlega aðgengilegar eftir rafrænum leiðum án sérstakrar gjaldtöku.

Að framangreindum athugasemdum virtum eru Hagsmunasamtök heimilanna almennt fylgjandi þeim tillögum sem koma fram í hinu umrædda frumvarpi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



20. febrúar 2020

Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá).

Í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar stendur: „Ríkisstjórnin leggur áherslu á góð vinnubrögð, opna stjórnsýslu og gagnsæi.“

Gagnsæi næst með því að ryðja úr vegi hindrunum sem eru til staðar og koma í veg fyrir beint eða óbeint aðgengi almennings að upplýsingum. Ein slík hindrun er gjaldtaka fyrir aðgengi að upplýsingum úr fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

Fyrir fjölmiðla sem hafa það að meginmarkmiði að upplýsa almenning og stuðla að staðreyndamiðaðri umræðu þá er fullt og hindrunarlaust aðgengi að gögnum algjört lykilatriði í starfsemi þeirra. Í tilfalli Kjarnans, sem leggur áherslu á umfjallanir um efnahagsmál, viðskipti og stjórnsmál, og tengsl milli þessara málaflokka, þá er nauðsynlegt að sækja mikið af gögnum í fyrirtækja- og ársreikningaskrá.

Sú gjaldtaka sem er til staðar, og skilaði m.a. Ríkisskattstjóra 134 milljónum krónum í tekjur á árinu 2017, kemur í veg fyrir að Kjarninn og aðrir miðlar sem fjalla um íslenskt atvinnulíf ráðist í umfangsmiklar úttektir á atvinnugreinum og takmarki kaup sín á efni úr áðurnefndum skráum við það allra nauðsynlegsta, enda safnast hratt upp umtalsverður kostnaður ef mikið af gögnum eru sótt.

Þeir sem hagnast af núverandi fyrirkomulagi virðast fyrst og síðast vera þriðju aðilar sem selja aðgang að upplýsingum um fyrirtæki sem milliliðir. Fjárhagslegir hagsmunir þeirra fyrirtækja, sem eru örfá, geta vart trompað lýðræðislegt mikilvægi þess að fjölmiðlar og almenningur allur hafi frjálst, frítt og takmarkalaust aðgengi að opinberum upplýsingum um fyrirtækin sem starfa hérlandis.

Kostnaður á borð við þann sem stefnt er að afnema með þessu frumvarpi eykur enn á dapurt rekstrarumhverfi gagnrýnna fjölmiðla á Íslandi. Það er í hendi stjórnvalda að afnema þess hindrun hrat og örugglega. Það ættu þau að gera sem fyrst.

Kjarninn miðlar styður því heilshugar samþykkt frumvarpsins með öllum þeim breytingum sem það þarf á að halda til að tryggja að aðgengi fjölmiðla og almennings að umræddum gögnum verði sannarlega án takmarkana og að öllu leyti gjaldfrjálst.

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2020

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningum og hlutafélagaskrá). Mál nr. 82.

Neytendasamtökin vísa til umsagnarbeiðni nr. 11067, þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur ársreikningum og hlutafélagaskrá, mál nr. 82).

Málið varðar breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 sem miða að því að auka aðgang að ársreikningskrá og hlutafélagsskrá með því að engin gjaldtaka verði fyrir uppflettingu í viðkomandi skrá og að allar upplýsingar skulu birtast í rafrænni uppflettingu.

Neytendasamtökin fagna því að auka eigi aðgang að ársreikninga- og hlutafélagaskrá með með fyrrgreindum hætti. Samtökin gæta hagsmuna neytenda í þjóðfélaginu og stuðla fyrirhugaðar lagabreytingar af því að samtökin geti rækt hlutverk sitt með enn skilvirkari hætti. Að mati samtakanna munu fyrirhugaðar breytingar fela í sér skref í átt að því gagnsæi er samtökin telja að eiga að ríkja í viðskiptum. Telja samtökin einnig að með því að gera upplýsingar úr ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá gjaldlausa sé baráttunni gegn ólögmætri smálánastarfsemi hér á landi veittur styrkur. Auðvelda þessar breytingar upplýsingaöflun er varðar endanlega eigendur fyrirtækja og rekjanleika sem og upplýsingar um tengsl kröfuhafa og innheimtuaðila.

Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi sínum við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2020
Tilvísun: 2020020884/SBM

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá), 82. mál

Persónuvernd vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 4. febrúar 2020 um umsögn um frumvarp til laga um ársreikninga og hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá) (pskj. 82, 82. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að aðgangur, sem almenningur hefur þegar að upplýsingum í ársreikninga og fyrirtækjaskrá verði gerður gjaldfrjálss. Frumvarpið var áður lagt fram á 149. löggjafarþingi (852. mál) og 148. löggjafarþingi (12. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er nú flutt efnislega óbreytt.


Persónuvernd veitti umsögn, dags. 14. mars 2018, um frumvarp það sem lagt var fram á 148. löggjafarþingi. Þar kemur fram að Persónuvernd telji ekki tilefni til efnislegra athugasemda við efni frumvarpsins en minnir á að við vinnslu persónuupplýsinga beri að fara að löggjöf þar að lútandi, sbr. nú lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd leggur áherslu á að farið sé að meginreglum laga nr. 90/2018, meðal annars að gæta meðalhófs við alla söfnun og vinnslu persónuupplýsinga og að ekki skuli birta umfangsmeiri upplýsingar en nauðsynlegt er miðað við þann tilgang sem stefnt er að.

Með vísan til framangreinds ítrekar Persónuvernd fyrri umsögn sína.

F.h. Persónuverndar,



Helga Þórisdóttir



Steinunn Birna Magnúsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21.4.2020
Tilvísun: 20200403634

Kt. 420169- 3889

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá) - 852. mál, þskj. 1353

Af gefnu tilefni, og af höfðu samráði við nefndasvið Alþingis, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að veita umsögn um ofangreint þingmál sem fyrir mistök barst embættinu ekki til umsagnar í febrúar sl.

Þegar frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 148. löggjafarþingi (12. mál), þá efnislega samhljóða því sem hér er lagt fram sem 852. mál, þá gafst ríkisskattstjóra jafnframt kostur á því að senda inn umsögn um efni þess. Ítrekast hér með þau sjónarmið sem komu fram í þeirri umsögn, dags. 28. janúar 2018, eftir því sem við á og að teknu tilliti til tölfraði vegna þess tímabils sem síðan hefur liðið.

Ríkisskattstjóri telur þannig ástæðu til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum í tengslum við umrætt frumvarp:

I.

Með lögum nr. 64/2017 var gerð breyting á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að fyrirtækjaskrá). Með þeim lögum var svohljóðandi nýjum málslíð bætt við, sbr. 2. mgr. 8. gr. laganna: „*Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar birtast í rafrænni uppflettingu.*“ Með lagabreytingu þessari varð sú breyting að rafræn birting upplýsinga í fyrirtækjaskrá um tiltekin atriði, sbr. 1.–8. tölul. 4. gr. laga nr. 17/2003, var gerð gjaldfrjáls. Við túlkun lagabreytingarinnar var litið til athugasemda með frumvarpi að lögum og nefndarálits efnahags- og viðskiptanefndar. Þar var gengið út frá því að eingöngu upplýsingar sem byggðu á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003 yrðu gjaldfrjálsar. Frumvarp það sem hér er til umsagnar miðar að því að auka enn frekar gjaldfrjálsan aðgang að upplýsingum úr skrá þeim sem ríkisskattstjóri heldur, og er lagt til að upplýsingar úr ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá verði gerðar aðgengilegar almenningi án innheimtu þjónustugjalda.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er gert ráð fyrir breytingu á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og eru breytingaákvæði beggja laganna samhljóða:

„*Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar birtast í rafrænni uppflettingu.*“

II.

Ríkisskattstjóri starfrækir fyrirtækjaskrá og gilda um hana lög nr. 17/2003. Fyrirtækjaskrá heldur aðgreinanlegar skrár yfir hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, sameignarfélög, samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Auk þess starfrækir ríkisskattstjóri ársreikningaskrá og heldur skrá um félagasamtök og jafnframt sérstaklega almannaheillafélög með starfsemi yfir landamæri. Þá er haldin skrá yfir raunverulega eigendur.

Starfsemi fyrirtækjaskrár og ársreikningaskrár er að verulegu leyti fjármögnuð með innheimtu þjónustugjalda, samkvæmt gjaldskrá og samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Greiðendur eru að stærstu leyti viðskiptalífíð.

Í fyrirtækjaskrá skal skrá eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á, sbr. 4. gr. laga nr. 17/2003:

1. Heiti.
2. Kennitala.
3. Heimilisfang.
4. Rekstrar- eða félagsform.
5. Stofndagur.
6. Nafn, lögheimili og kennitala forráðamanna.
7. Atvinnugreinarnúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands.
8. Slit félags.
9. Önnur þau atriði sem skylt er að skrá um starfsemi félaga og fyrirtækja samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 17/2003 skal ríkisskattstjóri veita opinberum aðilum, fyrirtækjum og almennungi upplýsingar úr fyrirtækjaskrá. Á vef Skattsins hefur almennungi um langt skeið verið unnt án nokkurs kostnaðar að fletta upp grunnupplýsingum um fyrirtæki landsins. Með framangreindum lögum nr. 64/2017, um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, var slík upplýsingagjöf augin enn frekar, sbr. 1.-8. tölul. tilvitnaðrar 4. gr., og er hún nú ekki háð gjaldtöku.

Svo sem fyrr segir starfrækir ríkisskattstjóri einnig ársreikningaskrá. Tilgangur þess að taka á móti, varðveita og veita aðgang að ársreikningum er m.a. að veita atvinnulífinu upplýsingar til að meta hvort stýra eigi fjármagni til viðkomandi fyrirtækja, hvort sem er í formi lána, annarrar fyrirgreiðslu eða hlutafjár.

Félögum samkvæmt 1. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006 ber að skila ársreikningi sínum til ársreikningaskrár og skal ársreikningaskrá veita aðgang að þeim gögnum sem skilaskyld eru, sbr. 109. gr. laga nr. 3/2006. Veittur er slíkur aðgangur gegn greiðslu gjalds en á vef Skattsins er jafnframt unnt að fletta upp rekstraraðilum og sjá hvort og þá hvenær þeir hafa skilað ársreikningi, svo og hvort um er að ræða samstæðureikning.

Á framangreindum grundvelli veitir ríkisskattstjóri miðlurum aðgang að ársreikningaskrá, hlutafélagaskrá, einkahlutafélagaskrá o.fl. skráum til vinnslu og miðlunar upplýsinga. Miðlarar hafa nálgast efni úr skráum ríkisskattstjóra með eftirfarandi hætti

- sóttar hafa verið eða flett upp upplýsingum um einstök atriði
- aðgangur að gagnagrunnum hefur verið útvegaður einstökum fyrirtækjum
- keyptar hafa verið heilar skrár

III.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem hér liggur fyrir segir að lagt sé til að upplýsingar ársreikningaskrár og hluthafaskrár verði aðgengilegar fyrir almenning. Tekið skal fram að ríkisskattstjóri heldur ekki sérstaka skrá yfir hluthafa, þ.e. hluthafaskrá. Upplýsingar um hluthafa berast ríkisskattstjóra árlega, annars vegar með ársreikningum félaga (til ársreikningaskrár) og hins vegar í hluthafaupplýsingum sem berast ríkisskattstjóra vegna álagningar opinberra gjalda. Síðarnefndu upplýsingarnar eru ekki ætlaðar til opinberrar birtingar.

Í frumvarpi þessu er lagt til að „Engin gjalddaka skuli vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni ...“ og í athugasemdum með frumvarpinu er lagt til að upplýsingar ársreikningaskrár og hluthafaskrár verði aðgengilegar fyrir almenning. Ekki er ljóst hvort eingöngu er um að ræða uppflettingar og þá án heimildar til að prenta út umræddar upplýsingar. Þá kemur ekki fram hvað átt við með hugtakinu „almenningi“ og hvort um er að ræða takmarkanir eða rýmkun á veitingu þessara upplýsinga gjaldfrjálst með því að tilgreina „rafræna“ uppflettingu og „almenning“ og hvort ætlunin er eftir sem áður að fyrirtæki o.fl. sem ekki teljist til almennings greiði fyrir þessar upplýsingar.

Þær tekjur sem ríkisskattstjóri hefur af innheimtu þjónustugjalda vegna upplýsinga úr framangreindum skráum koma n.t.t. úr:

- hlutafélagaskrá, annars vegar vegna innheimtu frá miðlurum og hins vegar innheimtu í afgreiðslu Skattsins. Innheimt er fyrir vottorð úr hlutafélagaskrá og samþykktir félaga, aukatilkeyningar, samrunagögn o.fl. Heildarinnheimta fyrir upplýsingar úr hlutafélagaskrá á árinu 2019 námu **104,1 m.kr.**
- ársreikningaskrá þar sem um er að ræða innheimtu vegna ársreikninga með rafrænum hætti í gegnum miðlara og í afgreiðslu Skattsins þar sem afrit eru afhent á pappírformi. Heildartekjur af innheimtu fyrir upplýsingar úr ársreikningaskrá á árinu 2019 voru **54,5 m.kr.**

Í eftirfarandi töflu er að finna sundurliðun á innheimtu ríkisskattstjóra vegna framangreinds skráahalds á árunum 2016 til 2019:

Uppruni tekna	2016	2017	2018	2019
Hlutafélagaskrá	91.400.000	90.100.000	89.900.000	104.100.000
Ársreikningaskrá	37.600.000	43.600.000	52.800.000	54.500.000
Samtals:	129.000.000	133.700.000	142.700.000	158.600.000

Af framangreindu er ljóst að Skatturinn yrði fyrir umtalsverðri skerðingu tekna af þjónustugjöldum verði umrætt frumvarp að lögum. **Tekjur stofnunarinnar af hlutafélagaskrá og ársreikningaskrá á árinu 2019 námu alls 158,6 m.kr.** Gera má ráð fyrir að margir þeirra aðila sem fram til þessa hafa greitt fyrir upplýsingar úr hlutafélagaskrá og ársreikningaskrá myndu, ef frumvarp þetta yrði að lögum, sækja þessar upplýsingar gjaldfrjálst á heimasíðu Skattsins. Samkvæmt framangreindu er því ljóst að fótunum er að verulegu leyti kippt undan fjármögnun á rekstri fyrirtækjaskrár verði innheimta þjónustugjalda að öllu leyti felld niður. Myndi ríkisskattstjóri því verða af verulegum rekstrartekjum sem bæta þyrfti stofnuninni með aukningu á beinu rekstrarframlagi.

IV.

Ríkisskattstjóri telur þó allt að einu rétt að benda á að í frumvarpi þessu er ekki lögð til breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Verður að telja eðlilegt, ef ætlunin er að veita gjaldfrjálsan aðgang að upplýsingum úr undirskráð fyrirtækjaskrár, að setja einnig til samræmis inn ákvæði um gjaldfrjálsa rafræna uppflettingu á upplýsingum um þetta félagaform. Í 121. gr. laga nr. 138/1994 er ákvæði um skráningu einkahlutafélaga og eru 1. og 2. mgr. ákvæðisins samhljóða ákvæðum 1. og 2. mgr. 147. gr. laga um hlutafélög að breyttu breytanda.

Við 2. mgr. 147. gr. laga nr. 138/1994 mætti því bæta nýjum málslíð:

Engin gjaldtaka skal þó vera fyrir rafræna uppflettingu í skránni og skulu allar upplýsingar birtast í rafrænni uppflettingu.

Sama á við um:

Lög um samvinnufélög nr. 22/1991

Lög um sameignarfélög nr. 50/2007

Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903, IV. kafli.

V.

Nái fyrirhugaðar lagabreytingar fram að ganga, væri æskilegt að samhliða yrði veitt heimild til að setningar reglugerðar um nánari afmörkun þeirra upplýsinga sem veita skyldi gjaldfrjálst aðgengi að, og framkvæmd hins rafræna aðgengis, hvort heldur varðar einstakar uppflettingar almennings eða aðgang fyrirtækja um upplýsingamiðlun að gagnagrunnum eða afritun einstakra skráa vegna úrvinnslu og miðlunar upplýsinga samkvæmt því sem samræmist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Loks undirstrikar ríkisskattstjóri það sem áður hefur hér komið fram að haldast verður í hendur niðurfelling innheimtu og auknar fjárveitingar til rekstar sem samsvarar þeirri skerðingu rekstrartekna sem niðurfelling þjónustugjalda hefur augljóslega í för með sér fyrir stofnunina, auk kostnaðar við þær breytingar á gagnagrunnum og viðmóti sem geri almenna uppflettingu á umræddum upplýsingum mögulega.

Virðingarfyllt,
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir

Umsögn

Sendandi: Útgáfufélagið Stundin ehf, Jón Trausti Reynisson ritstjóri/framkvæmdastjóri.

25.febrúar 2020.

150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 82 — 82. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá).

Varðandi breytingu á 109. gr. Laga 3/2006 og 147. gr. laga 2/1995.

Útgáfufélagið Stundin ehf. styður frumvarpið eindregið út frá hagsmunum fjölmiðla og almannahagsmunum.

Hagsmunir fjölmiðla

Fjölmiðlar sem stunda rannsóknir eiga beina fjárhagslega hagsmuni undir því að afnema kostnaðarþröskuld við upplýsingaleit í ársreikningum.

Kostnaður Útgáfufélagsins Stundarinnar ehf. vegna viðskipta við einkafélag sem framselur upplýsingar um ársreikninga hefur numið 1,1% til 2,2% af árlegum heildarrekstrarkostnaði félagsins síðustu tvö ár.

Stundin hlaut blaðamannaverðlaun Íslands fyrir rannsóknarumfjöllun um eignarhald á íslenskum jörðum árið 2019. Kostnaður vegna kaupa á upplýsingum vegna þessarar einu umfjöllunar nam um ein milljón króna. Þegar illa árar í rekstri fjölmiðla, eins og almennt gerir, er líklegt að af slíku verkefni verði ekki vegna þeirra viðskiptahindrana sem eru til staðar.

Almannahagsmunir

Núverandi gjaldtaka vegna ársreikninga fyrirtækja er á endanum viðskiptahindrun sem eykur viðskiptakostnað. Aukið gagnsæi í viðskiptum styrkir trúverðugleika og getur þar af leiðandi leitt til aukins trausts til lengri tíma, sem er grunnforsenda viðskipta og fjárfestinga. Niðurfelling á upplýsingahindrunum er þannig hagsmunamál fyrir atvinnulífið jafnt sem almenna borgara.

Fjöl mörg dæmi eru af samfélagslega og hagfræðilega jákvæðum afleiðingum aukins gagnsæis, en þær eru ófyrirsjáanlega og óáþreifanlega miklar. Sem dæmi má nefna að almennir borgarar hafa auknar forsendur til þess að senda fjölmiðlum vandaðar ábendingar sem tengjast atvinnulífinu og rekstri. Aukið gagnsæi hefur almennt þær afleiðingar að vinna gegn spillingu og þar með sóun. Frumvarpið styrkir upplýsingarétt og eykur gæði ákvarðanatöku.